

Karлакór Kjalnesinga

Ferð til Pétursborgar og Tallinn 17-22. ágúst 2011

Af tilefni þess að Karлакór Kjalnesinga hélt upp á 20 ára starfsafmæli sitt starfsárið 2010-2011 var ákveðið að halda upp á það með sérstökum hætti og var sett af stað sk. 20/20 áætlun. Hún fól í sér að kórinn kom fram á 20 mismunandi stöðum og var sem dæmi sungið upp á Esju, á Skjaldbreið og á Þingvöllum. Hápunktur áætlunarinnar var að taka þátt í 20 ára sjálfstæðisafmæli Eista en Ísland var, eins og alkunna er, fyrsta landið til að viðurkenna sjálfstæði þeirra. Til að gera sem mest úr ferðinni var ákveðið að fara einnig til Pétursborgar í Rússlandi og hljóðaði ferðaáætlunin upp á 6 daga.

Lagt var af stað þann 17. ágúst og hist í Leifsstöð. Mjög góður andi var í hópnum og tilhlökkun, stillt var upp og sungin nokkur lög við frábærar viðtökur! Síðan var stigið um borð og flogið til Helsinki. Þar biðu tvær rútur og kom þar fyrsta vísbending um skrifræði Rússa, en það þurfti að ákveða fyrirfram sætaskipan í hvorri rútu og var stjórnin búin að senda lista sem skiptist eftir aldri.



Eiginkona Kristjáns Ragnarssonar, 2. tenórs, fann að því við hann hvað hann væri orðinn gamall, og hún lenti þar með í eldri manna bílnum, og voru fúkyrði hennar eitthvað á þessa leið:

Að skilnaði verður þú valdur
Verður það dómur þér kaldur
Í vitlausum bíl
Með vonlausum skríl
Stjáni - stytta þér aldur.
Kristján Ragnarsson

Tíðindalaust var til landamæranna og í raun lítið að sjá fyrir utan tré og runna. Við landamærin höfðu kórfélagar í huga áminningu formannsins um að vera ekki með óþarfa galsa svo við kæmumst vandræðalaust í gegn.

Felið þið allskonar flöskur og gras
Formaður á þetta bendir
Ef sýnið þið galsa og gleðilegt fas
Í Gúlagið verðið þið sendir.
Kristján Ragnarsson

Pétur Óli Pétursson var fararstjóri og treystu ferðafélagar á að hann myndi bjarga okkur í gegn um hið þunglamalega landamæraeftirlit á landamærum Finnlands og Rússlands.

Landamærin ljótur kross
Litast fögur vangi
Sankti Pétur sé með oss
Svo að þetta gangi.
Kristján Ragnarsson

Til að drepa tímann var saga Rússlands flutt af Pétri Óla og var þetta mikill og góður fróðleikur. Kannski fullmikill skammtur á köflum sem birtist í mikilli vísnaverðargleði ferðalanga. Rétt að taka fram að heldri manna vagninn stóð sig mun betur hvað þetta varðar en „barnavagninn“ þar sem þeir yngri voru. Reyndar kom í ljós að sumur töldu sig yngri en Þjóðskráin gerir ráð fyrir en auðvitað fyrir mestu að vera ungur í anda.

Menn hamast við ljóðin hef ég grun
Og hafa í stóru lettri.
Að stöðva er ýmsum mjög í mun
Munnræpuna í Pétri.
Kristján Ragnarsson

Við komumst í gegnum landamærin og þá skiptu fararstjórar um hlutverk en í för með Pétri Óla var Örlygur Benediktsson sem var í „barnavagninum“ fyrsta legginn en fór yfir í heldri manna bílinn Rússlandsmegin og tók þar við að kynna tónlistarsögu Rússland. Afskaplega fróðlegt en ekki til að rífa upp stuðið (svo ekki sé meira sagt!).

Um tónskáldin hann tuðar enn
Tafir á skríkjunum
Svona á að svæfa menn
Í Sovétríkjunum.

Kristján Ragnarsson

Við komumst til Pétursborgar undir kvöld án frekari tíðinda. Næsta morgun var farið af stað um tíuleitið, ekið um miðbæinn þar sem við fengum að heyra um það helsta sem bar fyrir augu. Veðrir kannski upp á það besta en úr því átti eftir að rætast. Við skoðuðum virki Péturs og Páls og fórum inní kirkjuna sem er stórfengleg.



Því næst skoðuðum við kirkju St. Isaac's, þessa glæsilegu kirkju sem var risastór bygging, gulli slegin og hlaðin listaverkum. Í kirkjunni var brjóstmynd af Auguste Ricard Montferrand, þessum mikla snillingi sem byggði kirkjuna, og helgaði verkinu stóran hluta af lífi sínu. Þess var getið í kynningu að hann hafi náði sér í unga konu - og látist skömmu síðar.

Kirkjubygging kunni fag
Kempan lítið trauða
Það reyndist verða reiðarslag
Sem rak hann svo til dauða
Kristján Ragnarsson



Eftir að hafa skoðað þetta mikla mannvirki var farið á veitingastað og fengið sér í svanginn, rússneski maturinn og klósettin fengu þessa einkunn.

Kamarsóbermið daunillt sem dys
Eða dári sem liggur í fleti.
Salat við fengum og Chernobyl slys
Og sveppi með eitthvað af keti.
Kristján Ragnarsson

Maturinn frekast sérstakur og ekki allir sem borðuðu allt!



Síðan var farið í rútu á hótelið og fréttist þá að það hafði ekki verið eins mikil framleiðsla á vísunum í hinni rúttunni, þ.e. barnavagninum.

Í kvæðum sýna lítinn lit
Lin í bragastílnum
Það mun vanta þroska og vit
Þarna í hinum bílnum.

Kristján Ragnarsson

Við vorum dálítið vonsviknir allt frá byrjun ferðar að einsöngvarinn okkar, Ólafur Magnússon, hafði boðað forföll á síðustu stundu kom ekki í flugstöðina. Voru góð ráð dýr, búið að prenta söngskrá, plaggöt o.þ.h. sem Pétur Óli var búinn að láta þýða á rússnesku. Það var náttúrulega svekkelsi því Óli er verulega flottur og okkur þótti synd að hafa hann ekki. Það þýddi þó ekki að hugsa um það. Nema hvað, fyrstu maður sem við sjáum við heimkomu á hótelið er títtnefndur Óli. Þrátt fyrir að félagi vor hafi oft komið okkur á óvart með uppátækjum sínum í gegnum tíðinni þá má segja að honum hafi tekist óvenjuvel upp núna.

Okkur að gera ýmsa hrekki
Óla er tamt.
Kallinn sagðist koma ekki
kom þó samt.

Guðmundur Guðlaugsson

Við lentum í töluverðri umferð á leið heim á hótelið en höfðum samt rúman tíma til að klæða okkur í kórgallann því nú var konsert framundan í St Peteri kirkjunni. Það sem er sérstakt við þessa kirkju er að henni var breytt í sundlaug eftir byltinguna en er aftur orðin kirkja eða tónleikasalur. Ekki hafa menn þá gengið alla leið í endurbótunum þar sem áhorfendapallarnir eru að stórum hluta enn til staðar. Hljómurinn í þessari kirkju er afar mikill og svo að okkur fannst nóg um og erfitt að taka sumar innkomur vegna bergmáls. Það breyttist til hins betra þegar áheyrendur voru komnir í salinn og einnig var Palli búinn að stilla okkur af.

Kórinn fékk mjög góða aðsókn og afskaplega góð stemning var í salnum, sérstaklega þegar sungin voru lög sem fólk kannaðist við eins og Hljóðnar nú haustblær, úkranískt þjóðlag, og Nú hnígur sól, lag eftir Bortniansky.

Bestu viðtökurnar fékk þó kórinn þegar Ólafur Magnússon söng einsöng í laginu Torno A Surriento en hann nýtti sér vel þennan flotta hljóm í salnum og uppskar mikið lófaklapp sem og kórinn sem var aftur og aftur klappaður upp.

Það var afskaplega glaður og upptendraður hópur karlakórsmanna og maka sem fóru í Síðustu höllinni þar sem mætti okkur veisla í glæsilegum sal. Kvöldið leið ljúft með góðum félögum í glaðværð og borðvíni að hætti Rússa. Vodka á hvert borð ásamt rauðu og hvítu.



Undir borðhaldi spilaði sello hljómsveit, sem kannski gaf ekki neinar sérstakar væntingar fyrirfram, en reyndist mjög flott og skemmtileg stemning sem skapaðist. Ekki spillti fyrir þegar spiluð voru tvö íslensk lög. Menn höfðu á orði að okkur væri farið að líka þessi sellótónlist.

Ga- víst þótti mörgum-man
og minnst þessa tíðum:
að sumir urðu sellófan
í salarkynnum víðum
Guðmundur Guðlaugsson

Nokkur gleðskapur var fram eftir nóttu eftir góða tónleika og frábært kvöld. Það kom þó í ljós þegar lagt var af stað frá hótelinu morguninn eftir í skoðunarferð að það vantaði 21 í „barnavagninn“.


Mætti í rútu margur seinn
Mun það lítt að gagni
Tapast hafa tuttugu og einn
Í tæpum barnavagni
Kristján Ragnarsson

Farið í var vetrarhöllina og skoðað Hermitage safnið sem er ótrúlegt safn listaverka og víst næst stærst á eftir Louvre í París.




Frjáls tími var þegar skoðunarferð lauk til að skoða mannlífið á Nefsky Prospekt aðalgötunni þar sem margt var að skoða og nokkur misjöfn þjónustustig veitingamanna tekin út. Pétursborg er stórkostleg borg, sérstaklega fyrir sögu og listaprýsta ferðalanga.

Laugardagur runnin upp og haldið af stað til að skoða minnismerkið um 900 daga umsátrið um Leníngrad (sem borgin hét áður en hún fékk nafnið Pétursborg). Það var afskaplega áhrifaríkt og sýndi þessa einstöku þrautseigju íbúa borgarinnar við umsátur Þjóðverja sem komust af við mjög lítinn kost. Sem dæmi var brauðskammtur dagsins aðeins 125 gr. Þar voru sýnd vopn og ýmis áhöld td. sérstakt áhald til að ná fólki upp um ísinn. Eina leiðin með vistir til borgarinnar var einmitt um ísinn sem stundum brast. Kórinn stillti sér upp þegar komið var undir bert loft aftur og söng nokkur lög.



Þá var lagt af stað í rúturnar og haldið að Peterhoff gosbrunnagarðinum sem er afskaplega fallegur og naut sín vel í góða veðrinu. Þar voru tekin okkur lög og rölt um garðinn og notið alls sem bar fyrir augu. Sumir fóru á markaði sem voru þar og versluðu ýmislegt, t.d fékk Palli söngstjóri sér forláta loðhúfu.



Nú var lagt af stað til Eistlands og það var talað um þessa forlátu loðhúfu sem Palli keypti, einhver taldi að þetta væri skinn af silfurref.

Hefur sér í hendi allt
Hárfint tóninn gefur
Stýrir kórnum klárt og snjallt.
Klókur silfurrefur.

Örlygur Benediktsson

Svo kom í ljós að hárlós var í húfunni...

Húfan hans Palla úr hárum gengur
Svona við fyrstu kynni.
Kannski ekki góður fengur
Er hún úr náraskinni?

Bjarney Einarsdóttir (Badda)

...og húfan fékk mikla athygli!

Bónða sínum Badda gaf
Bleðil af húfukyni
Punghár til þess plokkaði
Af Páli Helgasyni.

Kristján Ragnarsson

Á leiðinn til Tallinn var nokkur umræða um dagskránnu daginn eftir. Sumum fannst hún fremur óljós og töldu sig alls ekki hafa vissu fyrir því hvað biði þeirra. Aðrir höfðu skýrari mynd af framtíðinni.

Dagskráin okkar hún dulúð er þrúngin
En drengir þess samt við freistum
Að fuma'ekki um of og fitla við þunginn
Er flytjum við lög með Eistum.

Jón Pálsson

Segir lítið af ferðum okkar þangað til við komum til Tallinn seint um kvöld þar sem við kíktum á gamla bæinn sem tók okkur strax opnum örmum með sínum þrúngu steinlögðu strætum, sem hestvagnar hafa keyrt á gegnum aldirnar, og víðu afmörkuðu torgum. Þar voru veitingastaðir eins og Old Hansa þar sem allt var eins og á miðöldum, klæðnaður þjónanna, maturinn og allt var eins og gert var á þeim tíma. Á borðum var kanelbjór, hunangsbjór og mjöður. Ein úr hópnum pantaði þó franskar, þjónninn svaraði „*Kólumbus kom ekki með kartöflur fyrr en miklu seinna*“.

Töluvert var sungið fyrir innfædda, t.d. á einum útveitingastað vorum við búnir að koma okkur fyrir og sáum hóp sem við töldum vera Svía, konur að stórum hluta. Okkur datt í hug að tilvalið væri að syngja nokkur Bellman lög, enda var hann sænskur, tókum vel á því og sungum öll lögin sem við kunnum við fádæma undirtektir. Við svona skrambi ánægðir hvað við værum seigir að lesa hvað dugði í Svíana. Fréttum þá að Svíarnir væru í raun félagar í Mosfellskórnum!



Næturlífi var stillt í hóf fyrsta kvöldið enda stór dagur framundan, þátttaka Karlakórs Kjalnesinga í 20 ára afmælishátíð Eista.

Upp tónana kröftuga kreystum
á kórstjórnann ávallt við treystum
Ansi áhugaverð
þessi utanlandsferð
enda sjaldgæft að syngja með Eistum.
Guðmundur Guðlaugsson

Sunnudagurinn var „Íslendingadagurinn“ sem var einskonar íslenskur menningardagur, þar sem margir íslenkir listamenn komu fram viðsvegar um borgina. Auk okkar Lay Low, Hjaltalín, Snorri Helgason, Ólöf Arnalds, Mosfellskórinn ofl. Frjáls dagur fram að hádegi, hist í lobbýi og gengið að Íslendingatorginu sem lét nú minna yfir sér en við hugðum.

Ef menn tralla í Tallinarborg
er töluverð hætta á sorg.
Það er þungbært að segja:
Þar er umferðareyja
sem þeir uppnefna Íslenska torg
Guðmundur Guðlaugsson



Á Íslendingatorginu stilltum við upp og sungum þar fyrir mikinn mannfjölda og var það afar áhrifaríkt og sáust víða glitra tár á hvarmi. Skemmst frá því að segja að

okkur var tekið eins og þjóðhetjum, Páll fékk hálsfesti frá grátklökkri konu í þakklætisskyni. Líklega í fyrsta og eins skiptið sem kórfélagar hafa verið beðnir um eiginhandaráritun. Við vorum augljóslega að „meika“ það!



Eftir tónleikana var farið í gamla bæinn og stillt upp og sungin nokkur lög. Þar var frábær hljómur og ómaði söngur okkar um allt torgið og dreif að mikinn fjölda áheyrenda (enda við búinir að „meika“ það).



Frjáls eftirmiðdagur en um kvöldið var farið í móttöku Utanríkisráðuneytisins þar sem boðið var öllum íslensku listamönnum. Þetta var ágætis móttaka, kannski ekki eins mikill glans yfir því eins og við höldum en hófið var haldið í diskóteki og nóg af veitingum. Utanríkisráðherrar Íslands og Eistlands héldu ræður og fór vel á með þeim. Gaman að sjá hvað þeir voru kátir með hinn! Þarna sungum við nokkur lög við góðar undirtektir. Fórum síðan út til að kæla okkur aðeins og tókum þar konsert, enda góður hljómur þar á steinlögðu torgi. Eftir töluvert mörg lög kom út kona af staðnum og bað okkur að hætta að syngja því að Jón Baldvin væri að flytja ræðu fyrir tómu húsi. Það voru þá vist allir komnir út að hlusta á okkur (enda við búnir að „meika“ það!).



Frábær dagur var kominn að kveldi og margt hafði borið fyrir augu og eyru. Margir höfðu á orði að fólk hefði verið til í að bæta einum eða tveimur dögum við ferðina í þessari vinalegu og fallegu borg sem Tallinn er.



Mánudagur 22. ágúst var runnin upp dagur heimferðar. Tallinn kvödd með trega og haldið af stað í ferjuna til Helsinki. Þar var tekið lagið úti á þiljum sem minnti dálítið á atriði úr myndinni Karlakórinn Hekla. Á leið á flugvöllinn var ekið aðeins um Helsinki sem er falleg borg sem talað var um að gaman væri að skoða betur við annað tækifæri.

Komið í flugstöðina í Helsinki sem er öðrum lík um flest, biðstofa eftir flugi heim. Þar með líkur þessari stuttu samatekt á ferð okkar Karlakórs Kjalnesinga sem var vel heppnuð í alla staði. Margt skoðað, víða sungið og notið mannlífs á ólíkum stöðum. Síðast en ekki síst það sem gerir þessar kórferðir svo frábærar þá kynntust ferðafélagar enn betur sem styrkir og bætir kórstarfið til muna.